

Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Selfossi, 19. desember 2024
UST202201-258/K.B.B.
08.14.01

Efni: Tillaga að breytingum á starfsleyfi - Urðunarstaður við Bakkafjörð

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Langanesbyggðar (hér eftir rekstaraðili), kt. 420369-1749, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi fyrir urðunarstað sveitarfélagsins við Bakkafjörð. Urðunarstaðurinn við Bakkafjörð er með gilt starfsleyfi frá 21. mars 2018 til að taka á móti og urða allt að 200 tonn af úrgangi á ári sem gildir til 21. mars 2034.

Sótt er um undanþágu frá 7. - 11. tl. í 1. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfinu þar sem gerður er áskilnaður um skráningu á daglegum veðurathugunum. Fram kemur í umsókn rekstraraðila að ef breytingartillagan verði samþykkt muni rekstaraðili óska eftir eftir upplýsingum um daglegar veðurathuganir frá Veðurstofu Ísland og láta fylgja með árlegri skýrslu til Umhverfisstofnunar um urðað sormagn.

Kröfur þær sem settar eru fram í 7.-11. tl. í 2. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfinu byggja á 2. tl. í III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Viðaukinn fjallar um aðferðir við eftirlit og vöktun á rekstrartíma urðunarstaðar og eftir lokun hans. Ákvæði í 2. tl. fjallar um veðurfræðileg gögn og gera kröfu um daglega vöktun.

Í a. lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar um urðun úrgangs er fjallað um undanþágur vegna *afskekkttra byggða* og er þar að finna heimild til þess að veita rekstraraðila undanþágu frá áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka. Gerður er sá áskilnaður um að eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgangs frá þeirri afskekktu byggð. Hugtakið *afskekkt byggð* er skilgreint í 3. gr. reglugerðarinnar sem: “landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.” Umhverfisstofnun telur að urðunarstaðurinn sé í afskekktri byggð og að skilyrði fyrir veitingu undanþágu séu uppfyllt.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að

lágmarki fjórar vikur. Umhverfisstofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Ekki er um að ræða undanþágu frá starfsleyfinu heldur breytingu.

Umhverfisstofnun áformar að gera eftirfarandi breytingar á starfsleyfi rekstaraaðila:

7.-11. tl. í 2. mgr. gr. 4.1. í starfsleyfinu fellur á brott.